

SKÓLASKRIFSTOFA  
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31  
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

## RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson  
Þróunarfulltrúi grunnskóla  
vigfus@hafnarfjordur.is

## MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á [vigfus@hafnarfjordur.is](mailto:vigfus@hafnarfjordur.is). Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

## DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR  
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Nemendur eru um 3900 í nálægt 185 bekkjardeildum og kennarar eru yfir 400 í rúmlega 350 stöðugildum. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.  
[www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)
- Engidalsskóli.  
[www.engidalsskoli.is](http://www.engidalsskoli.is)
- Hraunvallaskóli.  
[www.hraunvallaskoli.is](http://www.hraunvallaskoli.is)
- Hvaleyrarskóli.  
[www.hvaleyrarskoli.is](http://www.hvaleyrarskoli.is)
- Lækjarskóli.  
[www.laekjarskoli.is](http://www.laekjarskoli.is)
- Setbergsskóli.  
[www.setbergsskoli.is](http://www.setbergsskoli.is)
- Víðistaðaskóli.  
[www.vidistadaskoli.is](http://www.vidistadaskoli.is)
- Öldutúnsskóli.  
[www.öldutunnsskoli.is](http://www.öldutunnsskoli.is)
- Barnaskóli Hjallastefunnar  
[www.hjalli.is/bsk7610](http://www.hjalli.is/bsk7610)

SKÓLASKRIFSTOFA  
HAFNARFJARÐAR

## Skólavefritið

5. ÁRGANGUR, 5. TBL. 26. SEPTEMBER 2008

## Jafnréttisverkefni mótað í Lækjarskóla

Lækjarskóli, fyrir hönd Hafnarfjarðar, tekur þátt í jafnréttisverkefni nokkurra sveitarfélaga og Jafnréttisstofu.

Í síðustu viku var vinnu- og kynningarfundur í Lækjarskóla þar sem fram fór umræða um verkefnið sem er í mótun. En í Lækjarskóla verða 9. bekkingar í aðalhlutverki við þróun þess undir stjórn Valgerðar (Vally) Pálsdóttur námsráðgjafa skólans. En verkefnið mun sömuleiðis tengjast félagsmiðstöðinni í skólanum, Vitanum.

Myndirnar eru af nemendum í 9. bekk Lækjarskóla sem vinna að jafnréttisverkefni skólans og verkefnisstjóranum á landsvísi.

Jafnframt sækja nemendur skólans, sem vinna að verkefninu, vinnufundi með öðrum skólum og fá hugmyndir ann-

ars staðar frá. Annar vinnufundur var haldinn í síðustu viku sömuleiðis en sá fyrsti var í Lækjarskóla í vor.

Markmiðið með verkefninu, utan þess að vinna að jafnréttisfræðslu í skólanum, að gefa öðrum skólum hugmyndir að slíku sömuleiðis í gegnum vefsíðu verkefnins (sjá vefhornið á baksíðu).



## Göngum í skólann átak

**Göngum í skólann-**verkefnið 2008 hófst miðvikudaginn 10. september og lýkur formlega á alþjóðlega **Göngum í skólann-**deginum miðvikudaginn 8. október. Í ár verður lögð áhersla á að börn gangi eða hjóli til og frá skóla.

Markmið verkefnisins:

- Hvatning til aukinnar hreyfingar með því að auka færni barna til að ganga á öruggan hátt í skólann og frá skóla þau um ávinning reglulegrar hreyfingar.
- Að draga úr umferðarþunga, mengun og hraðakstri nálægt skólum.



- Vitundarvakning um hversu „gönguvænt“ umhverfið er og hvar úrbóta er þörf.
- Vitundarvakning um ferðamáta og umhverfismál.

VERKEFNISVEFSLÓÐ: <http://www.gongumiskolann.is/>



## Skólaþróun

Verkefnið er alþjóðlegt og á síðasta ári tóku milljónir barna frá fjörutíu og tveimur löndum víðs vegar um heiminn þátt í **Göngum í skólann**.

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands hefur tekið að sér að leiða verkefnið, en Lýðheilsustöð sem hvatti til verkefnisins. Í ár var bent sérstaklega á verkefni Íðjubjálfarafélags Íslands sem fram fer í september. Íðjubjálfar bjóða skólum víða um land að koma til þeirra og leiðbeina börnum og kennurum um rétta líkamsbeitingu, hvaða skólatöskur henti og hvað sé hæfileg þyngd fyrir börn að bera í skólann.



## FRÉTTIR

### úr stjórn- kerfi

## Hafnarfjarðar

### Fræðsluráð 22. september 165. fundur:



- Lagt fram bréf frá menntamálaráðuneytinu þar sem tilkynnt er um breytingar við framkvæmd samræmdra könnunarprófa skv. nýjum lögum um grunnskóla nr. 91/2008.
- Lagt fram bréf frá menntamálaráðuneytinu þar sem tilkynnt er um úttekt á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla. Það eru Áslandsskóli, Hraunvallaskóli, Hval-eyrarskóli og Víðistaðaskóli sem verða teknir út haustið 2008.
- Lagt fram yfirlit yfir magn kennsluyfirvinnu og fjölda leiðbeinenda í kennslu í grunnskólum Hafnarfjarðar samanborið við síðasta skólaár. Nánast eins milli ára.
- Tilkynnt um vígsla Hraunvallaskóla föstudaginn 3. október.



Myndin er tekin frá skólustjórufundi nú í september. F.v. Auður (Engidalsskóli), Helgi (Hvaleyrarskóli), Ágústa (Hraunvallaskóli) og María (Setbergsskóli).

## Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni


- Fagfundur kennara í Hafnarfirði verður í Hvaleyrarskóla mánudaginn 29. september kl. 14.30-16. Tölvupóstur var sendur til kennara í vikunni og fundurinn var áður kynntur í **Skólavefritinu** (29. ágúst).
- Evrópski tungumáladagurinn er í dag, 26. september. Markmið hans er að minna á mikilvægi tungumálakunnáttu, nauðsyn tvítyngi og skilning milli þjóða og landa.
- Frá Námsgagnastofnun: Komin er út bókinn **Kristin trú - fagnaðarerindið** ásamt kennaraefni á vef. Efnið er ætlað til trúarbragðafræðslu á miðstigi grunnskóla. Námsgagnastofnun hefur nýlega mint á að búið er að gefa út níu þemahefti sem tengjast stærðfræðiefninu **Geisla** og eru kennsluleiðbeiningar fyrir þau öll einnig komin út. Þetta eru fyrir 5. bekk **Dýr í Afríku**, **Mynstur** og **Töfrar**, 6. bekk **Hve stórt er stórt?**, **Sund** og **Reiknitæki** og **Jöklar** og **Siglingar** fyrir 7. bekk.



## Handbók um adhd fyrir foreldra og skóla

Í dag og í gær er haldin alþjóðleg ráðstefna um adhd, þ.e. raskanir sem tengjast ofvirkni og athyglisbresti. Margir kennarar og annað skólafólk sækir ráðstefnuna sem haldin er á vegum ADHD samtakanna sem eiga 20 ára afmæli í ár ([www.adhd.is](http://www.adhd.is)).

Lesefni vikunnar er frí handbók á vefnum og er 52 síður að lengd: **Your Child & ADHD**. Hún útskýrir hvað felist í röskuninni, fjallar um lyfjatöku og uppeldisáðferðir án lyfjatöku. Sömu leiðis veitir hún foreldrum



ýmsar leiðbeiningar til að hjálpa börnum sínum heima og hvernig stuðlað verði að góðu samstarfi við skóla. Jafnframt vil ég benda á ýmsar leiðir til að vinna með hegðun barna á vefslóðinni: <http://www.behavior-doctor.org/books.htm>. Þar eru margar fróðlegar handbækur eftir Laura Riffel sem byggja á aðferðafræði PBS (SMT-skólafærni) og áður hefur verið bent á hér (**Skólavefritið** 2. maí 2008). Þær er hægt að prenta út, ýmist sem WORD- eða pdf-skjöl.

**VEFSLÓÐ:** <http://www.4-adhd.com/youchildandadhd.pdf>

## Tilkynning vikunnar

Af óviðráðanlegur orsökum varð ekki af útgáfu **Skólavefritsins** síðasta föstudag, 19. september. Það minnir á það að þótt stefnt sé að vikulegri útgáfu á skólatíma á föstudögum tekst slíkt ekki alltaf. Stundum er það fyrir-sjáanlegt og stundum ekki eins og reyndin varð síðasta föstudag. VH.

Næsta blað  
**Skólavefritsins** er  
væntanlegt föstudaginn  
3. október 2008

## Vefsetur um jafnrétti fyrir leik- og grunnskóla

Vefsetrið **Jafnrétti í skólum** var opnað í vikunni. Því er ætlað að styðja við skóla sem vilja efla jafnréttisfræðslu í skólum. Þar eiga skólar og kennarar að geta fengið fræðslu um kennslu að ýmsu er lýtur að jafnrétti

kynjanna og hugmyndir að kennsluverkefnum til að nýta í eigin kennslu.

Vefsetrið og verkefnið sem það tengist er gert að danskri fyrirmynd.

## Vefhornið



**VEFSLÓÐ:** <http://www.jafnrettiiskolum.is/>